

68. stjórnarfundur Bergrisans bs.

18.12.2023

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

Fundinn sátu: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Sandra Sigurðardóttir, Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Anný Ingimarsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Þjónustusamningur við Skaftholt

Þjónustusamningur við Skaftholt er í gildi til áramóta 2023/2024. Þjónusta verður veitt út árið 2024. Að beiðni stjórnar Skaftholts verður sá samningur ekki endurnýjaður. Í Skaftholti búa sjö einstaklingar sem verður boðin búseta á þjónustusvæði Bergrisans á árinu 2024. Stjórn felur verkefnastjóra Bergrisans að útfæra aðgerðaráætlun vegna breytinganna.

2. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Þjónustusamningur vegna þjónustu við 43 einstaklinga sem búa á Sólheimum er í gildi til áramóta 2023/2024. Aðilar eiga í samtali vegna samninga. Jafnframt er unnið að lausn varðandi ágreining um uppgjör vegna rekstrarársins 2023. Af hálfu beggja aðila er óskað eftir aðkomu Innviðaráðuneytis að verkefninu og er sú vinna hafin.

Fundi slitið klukkan 13:25

